

Nr. 057 / 10 Þórdís GK 198**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6159
Smíðaður: Mótun, 1980
Stærð: 2,17 brl. 3,71 bt.
Mesta lengd: 7,43m Skráð lengd: 7,33m
Breidd: 2,23m Dýpt: 0,70m
Vél: BUKH 15 kW, 1980
Fjöldi skipverja: 1



Þórdís©Valur Björn Lingberg

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. maí 2010 var Þórdís GK 198 á handfæraveiðum NNA af Garðskaga. Veður: NNA 7-8 m/s.

Vél bátsins stöðvaðist og í ljós kom að mikil óhreinindi voru í forsíunni og einnig virtist vera sjór eða raki í gruggkúlunni. Bátsverjinn óskaði eftir aðstoð og Ra KE 11 dró bátinn til Keflavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn bátsverja var tankurinn hreinsaður í fyrra en þar sem mjög erfitt er að komast að síðum vegna veltuskilrúma (til að minnka slátt í tanknum) var sennilega lítið hreinsað þar;
- að bátsverjinn taldi að áfyllingalokið á tanknum, sem er niðurfellt í borðstokk, gæti hafa lekið og vatn komist í tankinn. Í ljós kom að að lokið hafði verið þétt með sílíkonkítu sem farið var að leysast upp vegna olúnnar;
- að ekki var tekið sýni af olúnni í tanknum eða síuhúsinu.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök atviksins megi rekja til ófullnægjandi hreinsunar tanksins sem og slæmum frágangi á loki hans.